

## Reglugerð

### um breytingu á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar

#### 1. gr.

Hvar sem orðið „Vegagerðin“, í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

#### 2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar verður svo hljóðandi:

##### *Eðalvagnaþjónusta*

Umsækjandi um leyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu skal uppfylla skilyrði 5. gr. laga um leigubifreiðar, að undanskildum 3. tölulið 1. mgr. Leyfi skal að jafnaði veitt til tveggja ára í senn. Samgöngustofa getur afturkallað leyfi ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

Þjónusta eðalvagna er sérhæfður leiguakstur fólksbifreiða. Til eðalvagna teljast glæsilegar fólksbifreiðar sem geta flutt allt að 8 farþega með sérstökum þægindum fyrir farþega, t.d. aukið rými og íburðarmikil innrétting. Samgöngustofa setur nánari verklagsreglur um eðalvagna.

Ekki skal stunda almennan leiguakstur með eðalvögnum heldur aðeins nota þá til sérstakrar viðhafnarþjónustu. Eðalvagna má einungis nota til aksturs farþega gegn gjaldi samkvæmt fyrirfram gerðri þöntun á þjónustu þeirra. Eðalvagn skal ávallt leigja út með ökumanni og skal eðalvagn vera skráður í notkunarflokkinn „Eðalvagn“.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13. gr. laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, xx.xx.2016*